



Árneshreppur
Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti
Norðurfjörður
524 Árneshreppur

Reykjavík, 26. júní 2018

Tilvísun: 201612024 / 3.2

Efni: Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps vegna undirbúningsframkvæmda Hvalárvirkjunar

Skipulagsstofnun hefur þann 25. júní 2018 staðfest breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. janúar 2018. Hér með eru sveitarstjórn send undirrituð skipulagsgögn, ásamt afriti af auglýsingu um staðfestinguna sem mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

Viðfangsefni breytingarinnar

Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er útfærsla undirbúningsframkvæmda vegna Hvalárvirkjunar. Virkjunin er fyrir áformuð samkvæmt gildandi aðalskipulagi Árneshrepps. Breytingin miðar að því að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir vegna hönnunar virkjunarinnar, þ.e. könnun á lausum jarðlögum með gryfjum, könnun á bergi og undirstöðum fyrir stíflur með borunum, dýptarmælingar á vötnum og ýmsar umhverfisrannsóknir, svo sem fornleifaskráningu. Nánar tiltekið felst breytingin í eftirfarandi þáttum:

- Iðnaðarsvæði I3 sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi er ætlað fyrir stöðvarhús og aðstöðuhús virkjunar færist sunnar og og þar er gert ráð fyrir tímabundnum starfsmannabúðum fyrir allt að 30 manns.
- Íbúðarsvæði IS1 við Hvalá er fellt niður.
- Bætt er við þremur efnistökusvæðum; við Hvalárósa, í Hvalá og við Hvalárvatn (ES18-ES20). Samtals er heimilt að taka 88.000 m³ af efni á svæðunum.
- Útfærðir eru vinnuvegir frá Ófeigsfjarðarvegi sunnan Hvalár að Neðra Hvalárvatni og þaðan að Neðra Eyyvindarfjarðarvatni annars vegar og að Rjúkanda hins vegar, samtals 25 km. Um 600 m ofan við Hvaláfoss er gert ráð fyrir brú yfir Hvalá.

Í aðalskipulagsbreytingunni eru sett ákvæði um að halda vegaframkvæmdum í algjöru lágmarki og að vegagerð verði sleppt þar sem það er mögulegt. Sett eru ákvæði um að vinnuvegir skerði ekki vistgerðir eða jarðminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd, eða vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi. Lagning vinnuvega á svæðum þar sem ekki hafa verið skráðar eða mældar fornminjar verði undir eftirliti fornleifafræðings. Ef fallið verður frá virkjanaáformum skulu vegir og brú fjarlægð og ummerki fjarlægð eins og kostur er. Einnig eru sett ákvæði um vinnulag við efnistöku og frágang efnistökusvæða og að efnistökusvæði ES20 við Hvalá verði aðeins nýtt ef ekki fæst nægilegt efni úr efnistökusvæði við Hvalárósa. Að framkvæmdum loknum skulu starfsmannabúðir fjarlægðar og gengið frá svæði I3 þannig að það verði sem líkast því sem var fyrir framkvæmdir. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á Ófeigsfjarðarvegi.

Yfirferð Skipulagsstofnunar á samþykktri tillögu að aðalskipulagsbreytingu

Skipulagsstofnun barst erindi Árneshrepps, dags. 2. mars 2018 ásamt viðbótargögnum móttaknum 16. mars sl., þar sem óskað var staðfestingar á breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna undirbúningsframkvæmda Hvalárvirkjunar, sbr. 2. mgr. 32. gr. skipulagsлага. Við afgreiðslu samkvæmt 3. mgr. 32. gr. skipulagsлага fer stofnunin yfir form og efni aðalskipulagsins, en það getur varðað málsmæðferð sveitarfélags við kynningu og afgreiðslu skipulagsins, framsetningu skipulagsins og efni þess.

Við yfirferð Skipulagsstofnunar komu upp álitamál sem stofnunin taldi að sveitarstjórn þyrfti að bregðast við, sbr. bréf stofnunarinnar til Árneshrepps, dags. 18. apríl 2018. Það varðaði atriði sem komið höfðu fram í athugasemdum við skipulagstillöguna á kynningartíma hennar, en sveitarfélagið hafði ekki brugðist við í samræmi við 1. mgr. 32. gr. skipulagsлага. Einnig hafði athugasemdum verið beint til Skipulagsstofnunar eftir að kynningartíma tillögunnar lauk. Erindi Skipulagsstofnunar dags. 18. apríl var svarað með bréfi Jóns Jónssonar lögmanns, fyrir hönd Árneshrepps, þann 4. júní sl. Samkvæmt upplýsingum frá oddvita hefur svarbréfið verið sent fulltrúum í sveitarstjórn Árneshrepps til kynningar en ekki verið tekið til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Auk þess að yfirfara málsmæðferð, sbr. framangreint erindi Skipulagsstofnunar til Árneshrepps og svör við því, hefur stofnunin yfirfarið efni og framsetningu skipulagsbreytingarinnar. Sveitarfélagið hefur, í samræmi við skipulagslög, gert fullnægjandi grein fyrir og sett fram skýr ákvæði um þær framkvæmdir sem aðalskipulagsbreytingin markar stefnu um.

Skipulagsstofnun telur að í svari Árneshrepps 4. júní sl. hafi í meginatriðum verið upplýst um þau atriði sem spurt var um í erindi stofnunarinnar dags. 18. apríl sl. Að mati Skipulagsstofnunar eru annmarkar á málsmæðferð skipulagstillögunnar það óverulegir að þeir hindra ekki staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar. Stofnunin áréttar þó eftifarandi atriði:

- Mikilvægi formfestu og skýrleika varðandi afgreiðslu skipulagsmála. Það varðar meðal annars að einstök dagskrármál komi skýrt fram í fundarboði þegar leggja á fram til samþykktar formlegar afgreiðslur samkvæmt skipulagslögum.
- Hlutverk og verkefni skipulagsfulltrúa samkvæmt 7. gr. skipulagsлага og gr. 2.4 í skipulagsreglugerð, sem felast meðal annars í setu á skipulagsnefndarfundum (sveitarstjórnarfundir í tilfelli Árneshrepps þegar skipulagsmál eru til afgreiðslu).
- Ákvæði skipulagsлага um fyrirkomulag á aðkomu annarra en sveitarfélags varðandi gerð aðalskipulagstillagna, sbr. 3. mgr. 3. gr. og 2. og 3. mgr. 20. gr. skipulagsлага.
- Skyldu sveitarstjórnar til að fara yfir og bregðast við framkomnum athugasemdum við skipulagstillögu, sbr. 2. ml. 1. mgr. 32. gr. skipulagsлага og 1. mgr. greinar 4.7.1 í skipulagsreglugerð.

Vegna frekari skipulagsgerðar og leyfisveitinga tengdum Hvalárvirkjun vill Skipulagsstofnun vekja athygli Árneshrepps á eftirtoldum atriðum:

Deiliskipulag

Samhlöða kynningu aðalskipulagstillögunnar var kynnt samsvarandi tillaga að deiliskipulagi. Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkti deiliskipulagið á sama fundi og aðalskipulagsbreytinguna 30. janúar 2018. Skipulagsstofnun hefur ekki borist deiliskipulagið til yfirferðar frá sveitarstjórn samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага, eins og þó er tekið fram í kafla 2.1 í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

Leyfi til framkvæmda og eftirlit með framkvæmdum

Mati á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar lauk með birtingu álits Skipulagsstofnunar 3. apríl 2017. Skipulagsstofnun minnir á að við afgreiðslu leyfisveitinga til virkjunarinnar eða einstakra þátta

hennar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Einnig vekur Skipulagsstofnun athygli á að samkvæmt 16. gr. skipulagslaga er sveitarstjórn heimilt við umfangsmiklar framkvæmdir, sem eru matskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og aðra leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili ber allan kostnað af starfi slíkrar eftirlitsnefndar.

Samræmi við Rammaáætlun

Í aðalskipulagi Árneshrepps er gert ráð fyrir allt að 50 MW Hvalárvirkjun, en í aðalskipulagsbreytingunni sem nú er til afgreiðslu er vísað til áformu um að virkjunin verði 55 MW. Skipulagsstofnun minnir á að í gildi er áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) sem samþykkt var á Alþingi 14. janúar 2013 þar sem Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði er í nýtingarflokki með uppsett afl 35 MW.

Óbyggð víðerni – skerðing víðerna

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar er fjallað um óbyggð víðerni og skerðingu á víðernum í kafla 3.1.10 og á mynd 3.9. Af því tilefni beinir Skipulagsstofnun því til sveitarfélagsins að hafa í huga að við skipulagsvinnu í þeirri nákvæmni sem hér er um að ræða eru forsendur til að nálgast slíka kortlagningu með meiri nákvæmni. Þannig á við að taka tillit til landslags, einsog hárra fjallgarða, þegar dregin eru skerðingarsvæði út frá mannvirkjum, sbr. til dæmis mannvirki í Ingólfssfirði. Eins á almennt ekki við að draga skerðingarsvæði út frá mannvistarleifum eins og rústum gamalla bæjarhúsa.

Náttúrumuinjaskrá

Að endingu er vakin athygli á því að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt fram tillögur sínar til umhverfis- og auðlindaráðherra að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúrumuinjaskrár í samræmi við náttúruverndarlög nr. 60/2013 (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>). Meðal þeirra svæða sem þar er lagt til að sett verði í forgang um friðlýsingu eða friðun er svæðið Drangajökull, sem tekur meðal annars til virkjunarsvæðis Hvalárvirkjunar (<http://ni.is/node/21668>).



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir



Birna Björk Árnadóttir

Afrit:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Bogi Kristinsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árneshrepps

Fylgigögn: Greinargerð aðalskipulagsbreytingar, dags. 20. júlí 2017 og uppdráttur aðalskipulagsbreytingar í mkv. 1:100.000 dags. 20. júlí 2017.

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps, undirbúningsframkvæmdir Hvalárvirkjunar

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. júní 2018 breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025, sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. janúar 2018.

Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði I3 er fært til og heimild fyrir starfsmannabúðum bætt við, íbúðarsvæði ÍS1 er fellt niður, vinnuvegir um virkjunarsvæði skilgreindir og þrjú efnistökusvæði skilgreind við Hvalárósa, í Hvalá og við Hvalárvatn.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun 25. júní 2018



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir



Ottó Björgvin Óskarsson